

Hestamannafélagið Funi, Eyjafjarðarsveit



Skýrsla æskulýðsnefndar 2020

## **Æskulýðsstarf hestamannafélagsins Funa, Eyjafjarðarsveit**

Árið 2020 hefur verið með örlítið óhefðbundnu sniði sökum kórónuveirunnar en til allrar hamingju var veiran í lágmarki yfir hásumarið þegar okkar helsta starf fer fram. Nefndin fundaði 19. maí og lagði línurnar fyrir komandi starfsár. Við sáum okkur ekki fært að kalla saman börn og foreldra í pizzakvöld til að kynna starfið en drifum í því að auglýsa reiðnámskeið með TREC ívafi fyrir krakka á öllum aldri sem hafa litla eða enga reynslu af TREC. Við fengum svo Þorstein Björnsson reiðkennara til að koma og halda reiðnámskeið 12., 13., 19. og 20. júní. Æskulýðsdagar Norðurlands voru með óbreyttu sniði 17.-19. júlí og reiðnámskeið fyrir byrjendur var 4.-6. ágúst. Reynslumestu TREC knaparnir okkar, sem nú eru í unglings- og ungmennflokki öttu svo saman fákum sínum í TREC keppni í fullri lengd helgina 22.-23. ágúst. Hugmyndir voru um að enda starfið með lokahófi í félagsheimilinu okkar en tíminn leiðir í ljós hvort það verður framkvæmanlegt vegna veirunnar sem er í hámarki hérlandis, sem og á okkar starfsvæði, þegar þetta er skrifat.

Fastir liðir sem duttu upp fyrir vegna kórónuveirunnar voru teymingar á sumardeginum fyrsta og handverkshátíðinni.

### **TREC**

Segja má að upprunalegi hópurinn sem hóf TREC barnastarfið okkar sé nú vaxinn úr grasi, en þau kepptu sín á milli í TREC keppni í fullri lengd helgina 22.-23 ágúst. Keppnin var krefjandi og þá sérstaklega ratleikurinn þar sem riðnir voru 26,8 km á 5-5,5 klst. og leiðin á köflum bæði mjög brött og á öðrum stöðum grýtt. Þrautabrunin var á nýjum stað, á eyrum við bæinn Hóla, og því fullt af nýjum og spennandi þrautum.

Nýr hópur TREC unnenda kom saman er við auglýstum reiðnámskeið með TREC ívafi fyrir börn og unglings sem hafa litla sem enga reynslu af TREC. Þetta voru 12 flottir krakkar á aldrinum 6-14 ára og var virkilega gaman að sjá framfarirnar hjá hestum og knöpum. Námskeiðið var nokkur skipti, fyrst innan dyra og svo utan dyra, og endaði með sýningu þann 11. ágúst fyrir foreldra og aðra sem vildu koma og líta afraksturinn. Mjög efnilegur TREC hópur þarna á ferðinni og hlakkar nefndin til fylgja þeim (vonandi sem flestum) eftir með áframhaldandi TREC kennslu næstu árin.



### **Reiðnámskeið með Þorsteini Björnssyni**

Það er orðinn fastur liður hjá okkur að fá reiðkennara til að koma og kenna í einkatíum unglungum og ungmennum félagsins. Þau fylla þó ekki námskeiðið þ.a. fullorðnir komast að til að fylla upp í námskeiðið. Þetta hefur notið mikilla vinsælda og hafa knapar verið svo ánægðir með Steina að hann verður fyrir valinu ár eftir ár. Kennsla fór fram 12., 13., 19. og 20. júní og fékk hver nemandi hálftíma á dag með kennaranum.



## **Byrjendareiðnámskeið**

4.-6. ágúst var haldið ókeypis reiðnámskeið fyrir byrjendur og var það vel sótt að vanda. Meðalaldur þeirra sem sóttu námskeiðið að þessu sinni var óvenju lágor en þó fengu báðir hópar að fara í reiðtúr eins og venja er, innan girðingar þar sem kennarinn gekk á undan hópnum og fleiri fullorðnir gengu með hópnum til aðstoðar. Veðrið var ágætt þó einu sinni hafi þurft að flýja inn í reiðskemmu þegar skyndilega skall á okkur sunnan rok og rigning.



## **Æskulýðsdagar Norðurlands**

Æskulýðsdagarnir okkar eru án efa stærsti viðburðurinn sem nefndin tekur sér fyrir hendur en þá þurfa allir að taka höndum saman til að setja saman dagskrá sem nær yfir heila helgi, þriðju helgina í júlí. Fyrirkomulagið var með svipuðu sniði og venjulega. Ratleikur á hestum á föstudagskvöldinu þar sem skipt var í lið sem þurftu að leysa ýmsar þrautir, m.a. setja saman reiðtygi, leita að melónum í skóginum og svara hestatengdum spurningum. Laugardagurinn byrjaði á þrautabraud sem haldin var innandyra þar sem veðrið var aðeins að stríða okkur. Um miðjan dag var svo farið í fjölskyldureiðtúr í ágætu veðri og borðað nesti sem kom með trússbílum. Kvöldið endaði með grillveislu og varðeldi þar sem grillaðir voru sykurpúðar og svo tekið duglega á því í löggú og bófa í skóginum.

Sunnudagurinn byrjaði á keppnisgrein sem nú gengur undir nafninu tímabraut og hefur verið fastur liður í nokkur ár núna. Hún fer fram í reiðskemmuni og snýst um að safna saman hringjum sem búið er að raða á tunnur meðfram sporaslóðinni. Markmiðið er að vera sem fljótastur að safna saman öllum hringjunum en tími tapast fyrir hvern hring sem ekki er komið með í mark. Helgin endaði svo á frjálslegri hringvallarkeppni með útsláttarfyrirkomulagi, þ.a. það var eitthvað við allra hæfi þessa helgi. Öllum félögum á Norðurlandi er

boðið að taka þátt í þessari helgarskemmtun, allt krökkunum að kostnaðarlausu, en fyrirtæki á Akureyri hafa styrkt okkur verðlaun, Lífland mjög rausnarlega. MS styrkti okkur um kókómjólk, skyrdrykki og ost á hamborgarana og Norðlenska gaf okkur góðan afslátt á pylsum og hamborgurum. Þáttakendur komu að þessu sinni frá Funa, Létti, Þjálfa og Gnýfara.



Til allrar hamingju gátum við haldið úti okkar reglulega sumarstarfi fyrir börnin og unglingana þrátt fyrir vírusinn sem virðist ætla að setja félagsstarf og íþróttaiðkun úr skorðum endrum og sinnum. Við erum því sérlega þakklát fyrir sumarið sem við áttum saman og hlökkum til næsta sumars, jafnvel þó því gætu fylgt óvæntar áskoranir - en landinn er nú að verða frekar skólaður í að takast á við síbreytilegar aðstæður og við tökum bara því sem koma skal.

Fyrir hönd barna- og unglingsaráðs Funa  
Anna Sonja Ágústsdóttir, formaður nefndarinnar.

Barna- og unglingsaráð Funa er þannig skipað 2020-2021:



Anna Sonja Ágústsdóttir, Hólum, formaður  
Águst Máni Ágústsson, Stekkjarflötum  
Elva Díana Davíðsdóttir, Lækjarbrekku  
Kristín Thorberg, Litla-Dal  
María Damalee, Stekkjarflötum

